

## Fyrsta stefnuskrá Framsóknarflokksins

Samþykkt 12. janúar 1917.\*

### STEFNUSKRÁ til bráðabirgða fyrir Framsóknarflokkinn

#### 1. gr.

Flokkurinn er stofnaður í byrjun aukabingsins 1916. Hann tekur sér nafnið Framsóknarflokkur og vill með því tákna samhygð sína með stefnu yngri kynslóðarinnar og sjálfstæðishugsunina.

#### 2. gr.

Í eftirtöldum málum markar flokkurinn sér þessa stefnuskrá:

- a. Hann vill vinna að því, að Ísland nái óskoruðum umráðum allra sinna mála og fullveldisrétti á sínum tíma.
- b. Í peningamálum landsins vill flokkurinn stefna að því að losa seðlaútgáfurétt og sérréttindi Íslandsbanka úr höndum útlendinga og leggja þau undir öflugan, innlendan þjóðbanka, sem útibú hafi í öllum helztu kaupþúnum landsins og megnugur sé um að veita langvinn og hagkvæm lán til eflingar þeim atvinnuvegum, sem víxillán nægja ekki.
- c. Í samgöngumálum vill flokkurinn einkum leggja kapp á að fá tíðar og stundvísar strandferðir yfir sumarmánuðina auk fastra, en strjálle hringferða um landið á öðrum tímum árs. Á landi vill hann kosta kapps um að færa út vegana akfærra vega, brúa ár, sem eru til farartálma á þjóðleiðum, og fullkomna og færa út símanet landsins til allra afskekktara staða, sem álitleg byggingar- eða ræktunarskilyrði eiga.
- d. Flokkurinn vill leggja sérstaka áherslu á ræktun landsins og bætt skilyrði fyrir býlafjölgun í sveitum.
- e. Hann vill beita sér fyrir umbótum á sjávarútveginum, svo sem með stuðningi til vitabygginga og hafna, lánveitingum til útvegsauka o.s.frv.
- f. Eftir fremstu fönngum vill flokkurinn stuðla að því, að hin ótömdu náttúruöfl landsins verði hagnýtt og þau eigi látn af hendi við útlendinga. Í því skyni vill hann láta sér annt um hagnýtingu vatnsafls til rafmagnsframleiðslu vegna lýsingar og hitunar, sem og til iðnaðar.
- g. Alþýðumenntunina, sem flokkurinn telur hyrningarstein allra þjóðþrifa, vill hann stefnumarkað og styðja, einkum með aukinni kennaramenntun og eflingu ungmennaskóla í sveitum og lýðskólum fyrir karla og konur í landsfjórðungi hverjum.
- h. Hina æðri menntun vill flokkurinn einnig láta til sín taka og halda hinu vísindalega merki Íslands hátt á lofti í öllu, sem vér getum keppt um við aðrar þjóðir. Sérstaklega vill hann styðja að því, að raunþægum vísindagreinum verði aukið við háskólanám vort og kennsla tekin upp í rafmagnsfræði og vélfræði.
- i. Flokkurinn vill vinna að því, að verzlun landsins verði sem óháðust, frjálust og landsmönnum arðvænleg og rekin í samvinnufélagsskap, einkum á þeim svæðum,

---

\* Birt í Þorsteinn M. Jónsson (1960) *Stofnsaga Framsóknarflokksins*, Reykjavík: Fræðsluritasjóður S.U.F.

sem vegna strjálbýlis og framleiðslurýrðar geta eigi notið eðlilegrar samkeppni í verzlun.

- j. Tryggingarfélagsskap allan, sem þjóðin er bær um að annast, vill flokkurinn gera innlendan, svo sem brunatryggingar og slysa, váttryggingar skipa, báta og varnings í sjóferðum ásamt veikinda- og líftryggingum.
- k. Loks vill flokkurinn lýsa því yfir, að hann af fremsta megni vill aftra illvígum flokksdeilum í þingi og utan þings og stuðla að heiðarlegu og undirbyggjulausu landsmálastarfi.